



Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) Þriðjudaginn 3. apríl 2007

Fundur er haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar þriðjudaginn 3. apríl, 2007, kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal.

Þorgils Magnússon formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Ragnar Ingi Tómasson ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Útgáfa lóðablaða samkvæmt beiðni byggingarfulltrúa.

Fram lögð drög að Smárabraut 10 – 12, Arnargerði 14, 16 og 18, Sunnubraut 9 – 11 og Hnjúkabyggð 31 og 33.

Afgreiðsla: Nefndin samþykkir drögin og vísar þeim til byggingarfulltrúa til endanlegrar afgreiðslu.

2. Deiliskipulagsbreyting, kynning vegna Aðalgötu 2- 4 og Brimslóðar 2 – 6.

Afgreiðsla: Framlögð grunnmynd var rædd. Samþykkt að bjóða eigendum Aðalgötu 2 -4 til viðræðna um hugmyndina.

3. Mýrarbraut 15 - 17, beiðni um breytingu á nýtingu lóðar skv. meðfylgjandi erindi.

Afgreiðsla: Afgreiðslu erindis frestað til næsta fundar.

4. Hnjúkabyggð 29 – 31, aðalskipulagsbreyting samkvæmt uppdrætti.

Afgreiðsla: Aðalskipulagsbreytingin samþykkt og vísað til byggingarfulltrúa til loka frágangs og óskað eftir því að skipulagið verði auglýst.

5. Norðurlandsvegur 4, fyrirspurnarteikning.

Grunnmynd og breyting á rampi (útbygging).

Afgreiðsla: Nefndin gefur leyfi til að rífa núverandi innkeyrslu á verkstæði, útbyggingu til suðurs.

Kynnt var niðurstaða grenndarkynningar sem gerð var vegna breytingar á starfsemi í iðnaðarhúsi við Norðurlandsveg 4, Blönduósi, sem breyta á í ölstofu. Breytingin kynnt Olúfélaginu ehf., sem samkvæmt yfirlýsingu dags. 2. apríl 2007 gerir ekki athugasemd við breytingu. Yfirlýsingin send með tölvupósti. Teikning af breytingunum lögð fram til kynningar.

6. Fjölskyldugarður.

Deiliskipulagssumræða.

Afgreiðsla: Kynnt drög að nýju deiliskipulagi.

7. Erindi frá Valgarði Hilmarssyni. Hann sækir um leyfi til að byggja sólpall við hús sitt að Húnabraut 32 og breikkun á innkeyrslu.

Afgreiðsla: Nefndin samþykkir erindið enda hljótist ekki af kostnaður fyrir Blönduósbæ.



- 8. Erindi frá Sigurði Jóhannessyni.** Hann sækir um byggingarleyfi vegna Aðalgötu 11 samkvæmt meðfylgjandi teikningum. Sigurður vék af fundi undir þessum lið og tók ekki þátt í afgreiðslu.
Afgreiðsla: Erindið samþykkt.
- 9. Rúnar Örn Guðmundsson og Rannveig Bjarnadóttir** sækja um byggingarlóð við Hólabraut, norðan leikskóla.
Afgreiðsla: Deiliskipulag liggur ekki fyrir. Nefndin leggur áherslu á að skipulagsvinna komist í gang á árinu 2007 og lóðir verði byggingarhæfar á árinu 2008.
- 10. Lárus B. Jónsson fyrir hönd Búrfjalla ehf. kt. 440805-0780,** sækir um lóð fyrir einbýlishús á svæði því sem verið er að skipuleggja norðan við leikskólann á Blönduósi.
Afgreiðsla: Sjá afgreiðslu liðar 9.
- 11. Zophonías Ari Lárusson sækir um lóð fyrir einbýlishús,** á brekkubrúninni norðan við leikskólann á Blönduósi á því svæði sem verið er að fara að skipuleggja.
Afgreiðsla: Sjá afgreiðslu liðar 9.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:50

F.h. byggingafulltrúa, Eyjólfur Þórarinsson (sign.)
Andrés I. Leifsson (sign.)
Sigurður Jóhannesson (sign.)
Þorgils Magnússon (sign.)
Guðmundur Karl Ellertsson (sign.)

Ragnar Ingi Tómasson (sign.)